

Ár 2015, föstudaginn 15. maí, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) haldið af Halldóri Frímannssyni, dómara í dómstól ÍSí, Engjavegi 6, 104 Reykjavík.

**Fyrir var tekið málið nr. 6/2015:**

**Lyfjaráð ÍSí**

**gegn**

**Jóhanni Birgi Ingvarssyni**

**og kveðinn upp svohljóðandi:**

## **DÓMUR**

Mál þetta er höfðað með ákæru Lyfjaráðs ÍSí, dags. 13. apríl 2015, þar sem Jóhann Birgir Ingvarsson, kt. 140494-2249, er ákærður fyrir lyfjamisnotkun. Af ákæru verður ráðið að öll gögn málsins hafi borist Lyfjaráði 7. apríl 2015. Samkvæmt því er ákært innan 4ra vikna kærufrests, sbr. 24.1. í lögum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands. Ákærða var gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum í málinu, með bréfi dags. 14. apríl 2015. Umboðsmaður ákærða skilaði greinargerð, dags. 24. apríl 2015. Lyfjaráði var kynnt greinargerðin og gefið kostur á að koma að sínum sjónarmiðum um hana. Engin svör bárust.

Málið var þingfest 7. maí 2015. Þar ákvað dómari skriflegan málflutning. Aðilar lýstu gagnaöflun lokið og var málið dómtekið.

I

## **Dómkröfur**

**Ákærandi:** Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til tveggja ára óhlutgengis til þátttöku í allri starfsemi sem fram fer á vegum ÍSí, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra, frá upphafi bráðabirgðabanns 18. mars 2015 að telja.

**Ákærði:** Lýsir yfir fullri ábyrgð á lyfjamisnotkuninni. Farið er fram á mildun í dómsuppkvaðningu og kærði verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa, þar sem um fyrsta brot sé að ræða hjá ungum manni og ásetningur um brot og notkun á ólöglegum efnum var víðsfjarri ákærða.

## II

**Gögn málsins**

1. Ákæra, dags. 13. apríl 2015
2. Skýrsla Lyfjæftirlitsnefndar ÍSÍ til Lyfjaráðs ÍSÍ, ódags.
3. Bannlisti WADA, janúar 2015
4. Leikskýrsla, ÍBV/FH, dags. 28. febrúar 2015
5. Lyfjæftirlitseyðublað, dags. 28. febrúar 2015
6. Leikmannaskýrsla FH, 2. flokkur karla, dags. 31. mars 2015
7. Rannsóknarniðurstaða (A sýni), dags. 17. mars 2015
8. Ákærða kynnt rannsóknarniðurstaða, dags. 18. mars 2015
9. Bráðabirgðabann, dags. 18. mars 2015
10. Rannsóknarniðurstaða (B sýni), dags. 26. mars 2015
11. Bréf dómstóls ÍSÍ til ákærða, dags. 14. apríl 2015
12. Greinargerð frá ákærða, dags. 23. apríl 2015
13. Staðfesting frá umboðsmanni ákærða, dags. 24. apríl 2015

## III

**Málavextir og málsástæður**

Samkvæmt ákæru var ákærði, Jóhann Birgir Ingvarsson, kt. 140494-2249, sem er félagi í Fimleikafélagi Hafnarfjarðar, boðaður í lyfjæftirlit 28. febrúar 2015.

Fram kemur að niðurstöður greiningar á þvagsýni ákærða (A-sýni), sem sent var til Svíþjóðar, bárust Lyfjæftirlitsnefnd ÍSÍ 17. mars 2015. „Þær sýndu að í sýninu var að finna niðurbrotsefni Oxandrolone, epioxandrolone, sem er í flokki S1 á lista WADA yfir bönnuð efni og aðferðir (bannlista WADA). T/E hlutfall ákærða reyndist 8.68 (Viðmið WADA er 4.00).“

Ákærða var gerð grein fyrir rannsóknarniðurstöðu A-sýnis við skýrslutöku, dags. 18. mars 2015. Ákærði óskaði eftir að B-þvagsýni yrði greint. Eftirfarandi kemur fram í ákæru: „Niðurstaðan á hækkuðu T/E hlutfalli virtist ekki koma kærða á óvart en hann upplýsti bæði við sýnatöku og skýrslutöku að hann hefði verið að taka testósterón booster til að auka magn testósteróns náttúrulega. Kærði undraðist hinsvegar það að vefaukandi sterar hafi einnig greinst í sýni hans.“

Eftirfarandi kemur fram í skýrslu Lyfjæftirlitsnefndar um samskipti við ákærða þann 18. mars 2015, þegar niðurstaða A-sýnis lá fyrir: „Jóhann var spurður hvort hann hefði verið að taka eitthvað inn sem gæti skýrt þessa niðurstöðu og hélt hann helst að þetta mætti rekja til testósterón boostersins sem hann væri að taka. Aðspurður um hvaða efni þetta væri nefndi Jóhann vörumeitið DAA og tilgreindi að hann hefði fengið þetta í gegnum „vin“, og líklega „undir borðið. Jóhann tilgreindi að hann hefði ákveðið að nota þetta til að byggja sig upp eftir meiðsli og að þetta væri mikið notað efni af íþróttamönnum hér á landi. .... Jóhann skrifaði undir yfirlýsingu þess efnis að hann myndi gangast undir bráðabirgðabann sem tók strax gildi.“

Fram kemur í ákæru að bannlisti WADA eigi við um ákærða, skv. gr. 4.1.1. í lögum ÍSÍ um lyfjamál. Samkvæmt gr. 2 í lögum ÍSÍ um lyfjamál er lyfjamisnotkun bönnuð og telst brot m.a. framið ef efni sem bannað er að nota samkvæmt bannlista WADA, niðurbrotsefni bannaðs efnis eða önnur efni sem gefa til kynna tilvist bannaðs efnis, finnast í sýni sem ípróttamaður gefur við lyfjaeftirlit. Með vísan til lýsingar á málavöxtum og framlagðra sönnunargagna er það mat Lyfjaráðs ÍSÍ að „*kærði hafi með háttsemi sinni gerst sekur um lyfjamisnotkun.*“ Ákærandi bendir á að samkvæmt gr. 10.2.1. í lögum ÍSÍ um lyfjamál skal refsing fyrir fyrsta brot vera fjögurra ára óhlutgengi fyrir efni sem telst ekki sérstaklega tilgreint efni í bannlistanum, nema að ípróttamaðurinn geti sýnt fram á að brotið á lyfjareglunni hafi ekki verið af yfirlögðu ráði. Með hliðsjón af lýsingu ákærða á málavöxtum telur ákærandi að til álita komi að beita gr. 10.2.2. og miða óhlutgengi við fyrsta brot við 2 ár frá bráðabirgðabanni sem ákærði gekkst undir 18. mars 2015.

Í greinargerð umboðsmanns ákærða, dags. 23. apríl 2015, kemur fram að ákærði kveðst hafa drukkið eitthvað hjá crossfitt kunningja sínum, sem sagðist hafa verið „*að taka anavar eins og 90% af crossfitturum fyrir evrópuleikana.*“ Umboðsmaður ákærða telur það alveg skýrt að uppruni oxandrolone sé kominn þaðan. Fram kemur að ákærði var að æfa crossfitt með aðilanum helgina fyrir sýnatökuna.

#### IV

##### Lagarök

Kærandi byggir á lögum ÍSÍ um Lyfjaráð, grein 1.2.1 varðandi kærheimild, grein 4 varðandi bannlista WADA og grein 10 varðandi viðurlög, einkum grein 10.2.

#### V

##### Niðurstöður

Fram kemur í málinu að niðurstöður greininga á þvagsýnum ákærða sem send voru til Svíþjóðar sýna að í þeim fundust niðurbrotsefni Oxandrolone, epioxandrolone, sem er í flokki S1 á lista WADA yfir bönnuð efni og aðferðir (bannlista WADA). T/E hlutfall ákærða reyndist 8.68 í sýni A og 8.53 í sýni B, þegar viðmið WADA er 4.00.

Ákærða voru kynntar þessar niðurstöður og gekkst hann við þeim. Jafnframt upplýsti hann eftir bestu samvisku, bæði fyrir ákæranda og í greinargerð, hvað hann innbyrti sem gæti hafa greinst í sýnunum. Nefndi ákærði í því sambandi testosterone booster með vöruheitið DAA. Auk þess anavar sem hann kveðst hafa drukkið hjá crossfitt félaga sínum.

Í ákæru Lyfjaráðs er kært fyrir brot á lögum ÍSÍ um lyfjamál vegna lyfjamisnotkunar. Er brot ákærða talið varða við grein 10.2.1.1 í lögum ÍSÍ um lyfjamál, sem mælir fyrir um 4ra ára óhlutgengi fyrir fyrsta brot. Með hliðsjón af lýsingu ákærða á málavöxtum er það mat Lyfjaráðs að til álita komi að beita ákvæðum 10.2.2. við úrlausn málsins og miða óhlutgengi ákærða fyrir fyrsta brot við 2 ár.

Dómurinn telur brot ákærða sannað og eru viðurlögin sem brotið hefur í för með sér rétt tilgreind í ákæru. Einnig telur dómurinn að með hliðsjón af því, að ákærði viðurkennir brot á lyfjareglunum og telst veita umtalsverða aðstoð, hann leiðir líkur að því hvernig tilgreinda efnið komst inn í líkama hans, hann færir rök fyrir því að ekki sé ásetningur hjá honum í málinu, þá eigi ákvæði 10.5 við sem mælir fyrir um styttingu á óhlutgengistíma á grundvelli engrar umtalsverðrar sektar eða vanrækslu. Íþróttamenn bera hins vegar ábyrgð á því sem þeir neyta og það er þess vegna álit dómsins að ákærði hafi sýnt af sér vanrækslu í málinu, þegar hann neytti efna án þess að gera sér grein fyrir innihaldinu og hvaða afleiðingar inntakan gæti haft í för með sér fyrir hann. Með vísan til þessa er það álit dómsins, að forsendur séu til þess að stytta óhlutgengi ákærða niður í 6 mánuði miðað við 18. mars 2015.

#### Dómsorð:

**Ákærði, Jóhann Birgir Ingvarsson, er dæmdur til 6 mánaða óhlutgengis til þátttöku í allri starfsemi sem fram fer á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra, frá 18. mars 2015 að telja.**

Halldór Frímansson  
(sign)

Birta skal aðilum dóm eða úrskurð á ábyrgðarbréfi eða á annan sannanlegan hátt, ef þeir eru ekki viðstaddir dómsuppsögn og skal þá jafnframt greint frá heimild aðila til áfrýjunar, áfrýjunarfresti og hvert áfrýja megi.

Heimilt er að skjóta til áfrýjunardómstóls ÍSÍ, dómum og úrskurðum dómstóls ÍSÍ. Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls ÍSÍ er ein vika frá því að aðila máls var fyrst kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur undirréttar var upp kveðinn.

Tilkynna skal alla dóma um óhlutgengi félagi hins dómfellða og viðkomandi héraðssambandi/íþróttabandalagi og viðkomandi sérsambandi, ef um einstakling er að ræða.